





SKIPULAGSLÝSING

Deiliskipulag Arnarnesvegar, 3. áfangi, frá Rjúpnavegi í Kópavogi að Breiðholtsbraut í Reykjavík.

19.03.2021





EFNISYFIRLIT

1	ALMENNT	5
1.1	Skipulagslýsing	5
2	FORSENDUR	7
2.1	Viðfangsefni og markmið	7
2.2	Umhverfi og staðhættir	7
2.3	Eldra umhverfismat	8
2.4	Tengsl við aðrar áætlanir	9
2.4.1	Landskipulagsstefna	9
2.4.2	Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins	9
2.4.3	Aðalskipulagsáætlanir	10
2.4.4	Deiliskipulag	10
3	NÝTT DEILISKIPULAG	11
4	KYNNING, SAMRÁÐ OG SKIPULAGSFERLI	12
4.1	Kynning og samráð	12
4.2	Umsagnaraðilar	12
4.3	Drög að skipulagsferlinu	13

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026

MYNDASKRÁ

- MYND 1** Yfirlitsmyndin sýnir vegstæði Arnarnesvegar, fjögra akreina brú yfir Breiðholtsbrautina, með göngu og hjólastíg, svo stofnstíga og tengistíga sem þvera Arnarnesveginn með göngubrú og undirgöngum með tilheyrandi stígatengingum milli hverfis- og bæjarhluta beggja sveitarfélaganna. Fyrirhugað deiliskipulag er merkt gróflega með blárri línu. _____ 8
- MYND 2** Staðsetning skipulagssvæðisins á gildandi aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024 og gildandi aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, merkt gróflega með blárri línu. _____ 10

TÖFLUSKRÁ

- TAFLA 1** Drög að skipulagsferlinu ásamt tímasetningum _____ 13

1 ALMENNT

Fyrirhugað deiliskipulag nær til hluta Arnarnesvegar frá gatnamótum Arnarnesvegar og Rjúpnavegar að fyrirhuguðum gatnamótum Breiðholtsbrautar og Arnarnesvegar og veghelgunarsvæða hans sem nær að jafnaði 30 metra út frá miðlínu vegarins. Hluti veghelgunarsvæðis Arnarnesvegar er innan sveitarfélagsmarka Reykjavíkur, en stærsti hluti vegarins liggur innan sveitarfélagsmarka Kópavogs.

Arnarnesvegur sem liggur innan marka skipulagssvæðisins sem er rúmir 19 ha að stærð er 1,9 km að lengd og liggur frá suðaustur hluta Leirdals að grænu opnu svæði norðan Breiðholtsbrautar. Veglínan liggur að mestum hluta í vesturhlíð Vatnsendahvarfs og sker vegurinn land í aflíðandi halla. Frá hringtorgi við Rjúpnahæð að hringtogi við Vatnsendaveg liggur veglínan neðar en aðliggjandi land sem er dæmigert holtalandslag, þýft með stöku ógrónum melum og kjarri, lynggróið þó á síðustu árum hefur lúpína yfirtekið sem ráðandi planta á svæðinu.

Framkvæmdin felst í nýju hringtorgi við Vatnsendahvarf, fjögurra akreina brú yfir Breiðholtsbraut með svæði yfir hjóla- og göngustíga og tenginu við Breiðholtsbraut með ljósastýrðum plangatnamótum. Með þessari lausn er þörf á að tvöfalda Arnarnesveg norðan Vatnsendavegar og hluta Breiðholtsbrautar, við vegamót sem gert er ráð fyrir að verði á tímabilinu 2029-2034. Þetta er í samræmi við mat á umhverfisáhrifum sem lauk með útskurði Skipulagsstofnunar árið 2003. Gengið verður frá fláum og fyllingum með staðargróðri til þess að lágmarka ásynðaráhrif rasks í samræmi við viðurkennt verklag Vegagerðarinnar. Gert er ráð fyrir stofnstíg í brúnni í flæði við stíga frá Kópavogi og inn Elliðaárdal. Hjóla- og göngustígar liggja meðfram Arnarnesvegi að austanverðu sem tengjast stígum Kópavogs á nokkrum stöðum en aðalting er um brú sem liggur yfir Arnarnesveg sem staðsett er rétt sunnan við Turnahvarf og tengist íbúðarbyggð í Jaðarseli með nýjum stíg í vestanverðu Vatnsendahvarfi. Gert er ráð fyrir nýjum tengistígum meðfram Breiðholtsbrautinni sem fer undir brúna yfir Breiðholtsbraut, sem og fleiri þverunum til þess ýta enn frekar undir notkun göngu- og hjólastíga og lágmarka óþarfa hæðarbreytingar við notkun á stígakerfinu.

1.1 Skipulagslýsing

Hér er sett fram skipulagslýsing vegna nýs deiliskipulags fyrir 3. áfanga Arnarnesvegar, stofnbrautar frá Rjúpnavegi í Kópavogi að Breiðholtsbraut í Reykjavík. Skipulagslýsingin tekur mið af fyrirhuguðum breytingu frá áður kynntum áformum um gatnamót Arnarnesvegar og Breiðholtsbrautar í Kópavogi og Reykjavík.

Telji sveitarstjórn þörf á skal hún, skv. 1. mgr. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 taka saman lýsingu á skipulagsverkefni. Í lýsingu skal koma fram hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við skipulagsgerðina, upplýsingar um forsendur, fyrirliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli. Skipulagslýsingin er unnin í samræmi við gr. 5.2 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Tilgangurinn með gerð skipulagslýsingar er að tryggja aðkomu almennings og hagsmunaaðila að skipulagsferlinu á fyrstu stígum þess, auka gagnsæi, tryggja betra upplýsingaflæði, skila betri og markvissari skipulagsvinnu og gefa sveitarstjórn og þeim sem koma að ferlinu betri yfirsýn allt frá fyrstu skrefum.



Með skipulagslýsingu þessari er íbúum og öðrum hagsmunaaðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir sem snúa að málefnum deiliskipulagsins og komandi skipulagsvinnu.

Heimilt er að falla frá gerð slíkar lýsingar ef allar meginforsendur skipulags liggja fyrir í aðalskipulagi. Í viðkomandi tilfelli, við gerð deiliskipulags fyrir 3. áfanga Arnarnesvegarins, var tekin sameiginleg ákvörðun að nýta ekki þessa heimild heldur kalla eftir umsögnum og aðkomu almennings til þess að tryggja upplýsingaflæði og markvissari skipulagsvinnu.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026

2 FORSENDUR

2.1 Viðfangsefni og markmið

Árið 2003 féllst Skipulagsstofnun með úrskurði á framkvæmd Arnarnesvegjar milli Reykjanesbrautar og Breiðholtsbrautar. Gert var ráð fyrir að Arnarnesvegur yrði byggður í þremur áföngum. Árið 2009 var unnin tillaga að deiliskipulagi Arnarnesvegjar, áfanga 1 og 2, frá mislægum gatnamótum við Reykjanesbraut að Rjúpnavegi.


Vegagerðin hefur nú unnið nýja og breytta útfærslu á vegamótum Arnarnesvegjar og Breiðholtsbrautar, áfanga 3, sem er frábrugðin þeirri lausn sem kynnt var í mati á umhverfisáhrifum, árið 2003, þar sem gert var ráð fyrir fullbúnum mislægum vegamótum. Nýja tillagan felur í sér brú yfir Breiðholtsbraut og ljósastýrð vegamót og er sameiginleg niðurstaða Vegagerðarinnar, Reykjavíkurborgar og Kópavogsbæjar. Skapist nýjar umferðarlegar forsendur sem kalla á breytingar á ofangreindum vegamótum, s.s. með nýjum veltengingum til þess að auka umferðarflæði vegamótanna, hamlar fyrirhugað deiliskipulag ekki með neinum hætti þeim möguleikum. Slíkar breytingar yrði hins vegar að gera út frá nýjum forsendum þegar þær liggja fyrir.

Bæjar- og borgaryfirvöld telja að áætlanir um uppbyggingu Arnarnesvegjar séu nauðsynlegar til að draga úr umferð sem nú fer um íbúðahverfi Vatnsenda og til að bæta þjónustustig á meginstofnvegum höfuðborgarsvæðisins, þá aðallega Reykjanesbraut og Hafnarfjarðarveg. Einnig eru verulegar umferðartafir við núverandi vegamót Breiðholtsbrautar og Vatnsendahvarfs. Arnarnesvegur var ein af meginforsendum uppbyggingar í efri byggðum Kópavogs og brýnt að hrinda í framkvæmd áætlunum Vegagerðarinnar um Arnarnesveg. Samhliða vegagerðinni er markmiðið að gera göngu- og hjólaleiðir milli bæjarhlutanna skilvirkari og bæta úr hljóðvíst við Breiðholtsbraut því samhliða.

Ekki er ástæða til að ætla að breytt útfærsla gatnamóta Arnarnesvegjar og Breiðholtsbrautar hafi áhrif á hljóðvíst í Seljahverfi eða íbúðarbyggð í Kórahverfi í nágrenni Arnarnesvegjar samanborið við fyrri áform um mislæg gatnamót. Áætla má að ónæði vegna umferðarhávaða á nálægum útivistarsvæðum samanborið við fyrri áform um mislæg gatnamót, verði minni.

2.2 Umhverfi og staðhættir

Umrætt skipulagssvæði ber örnefnið Lymskulág innan sveitarfélagsmarka Kópavogs og er ódeiliskipulagt, að mestu. Á þremur stöðum á sér stað lítilháttar skörun við gildandi deiliskipulög Vatnsendahvarfs, Tónahvarfs 2 og Hörðuvalla, sem tekið verður til. Samkvæmt gildandi Aðalskipulagi Kópavogs 2012 til 2024 er landnotkun skilgreind sem opið svæði (OP16) og er framkvæmdasvæðið óbyggt og gróið á hluta svæðisins en nokkuð raskað á svæðinu sunnan Breiðholtsbrautar næst Rjúpnavegi. Reykjavíkur megin, norðan Breiðholtsbrautar eru stígar sem liggja um þennan efsta hluta Elliðaárdals. Innan skipulagssvæðisins liggja jarðsprungur, sem taka þarf tillit til þeirra í gatnahönnun.



MYND 1 Yfirlitsmyndin sýnir vegstæði Arnarnesvegur, fjögra akreina brú yfir Breiðholtsbrautina, með göngu og hjólastíg, svo stofnstíga og tengistíga sem þvera Arnarnesveginn með göngubru og undirgöngum með tilheyrandi stígatengingum milli hverfis- og bæjarhluta beggja sveitarfélaganna. Fyrirhugað deiliskipulag er merkt gróflega með blárrí línu.

Við fyrirhuguð gatnamót við Breiðholtsbraut er gróin íbúðarbyggð og útivistarsvæði, þ.m.t. Elliðaárdal sem er á náttúruminjasrá auk þess að vera skilgreindur sem hverfisverndarsvæði í aðalskipulagi Reykjavíkur. Þar er um að ræða landnotkun sem telst almennt viðkvæm fyrir umfangsmiklum umferðarmannvirkjum og verður markvist reynt að lágmarka áhrif og inngrip sem hlýst af framkvæmdinni. Sérstaklega á ásjúnd svæðanna frá á gróinni íbúðarbyggð og vegna skerðingu á útivistarmöguleika á nærsvæðum. Mótvægisáðgerðum verður markvist beint að hljóðvist og ásjúnd.

2.3 Eldra umhverfismat

Deiliskipulagið fellur undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana þar sem deiliskipulagið felur í sér framkvæmdir sem eru taldar upp í 1. viðauka sömu laga. Fyrir liggur mat á umhverfisáhrifum Arnarnesvegur frá Reykjanesbraut í Garðabæ, um Kópavog og að Breiðholtsbraut í Reykjavík. Úrskurður Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar lá fyrir í júlí 2003. Í 12. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum er að finna þá lagaumgjörð sem gildir um endurskoðun umhverfismats og þar er kveðið um að ef framkvæmdir hefjist ekki innan tíu ára frá því að álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum liggi fyrir skuli viðkomandi leyfisveitandi óska ákvörðunar stofnunarinnar um hvort endurskoða þurfi að hluta eða í heild matsskýrslu

framkvæmdaraðila áður en leyfi til framkvæmda er veitt. Getur Skipulagsstofnun ákveðið að endurskoða skuli matsskýrslu framkvæmdaraðila samkvæmt 1. mgr. ef forsendur hafa breyst verulega frá því að álitnið lá fyrir, svo sem vegna breytinga á náttúrufari eða landnotkun á áhrifasvæði framkvæmdarinnar, breytinga á löggjöf um umhverfismál, alþjóðlegum skuldbindingum eða tækniþróunar.

Í ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 18. febrúar 2021, var vísað til þess að í 12. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum geti Skipulagsstofnun eingöngu tekið ákvörðun um að endurskoða þurfi umhverfismat framkvæmdar ef framkvæmdir hefjast ekki innan 10 ára frá því að álit stofnunarinnar lá fyrir. Vísar stofnunin til þess að framkvæmdir við Arnarnesveg hafi í raun byrjað árið 2004 og því eiga ákvæði 12. gr. laganna ekki við í þessu máli og þar með þurfi ekki að gera nýtt umhverfismat vegna framkvæmdarinnar.

Framkvæmdir vegna 3. áfanga Arnarnesvegar eru háðar framkvæmdaleyfi frá bæjaryfirvöldum í Kópavogi og borgaryfirvöldum í Reykjavík skv. 1. mgr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

2.4 Tengsl við aðrar áætlanir

Gæta þarf samræmis á milli skipulagsstiga og annarra áætlana. Horft verður til áhersla og stefnumiða í eftirfarandi stefnum.

2.4.1 Landskipulagsstefna

Í Landsskipulagsstefnu er eftirfarandi stefna mörkuð um ferðamáta og samgöngur:

- *Kallað eftir hvötum í skipulagi til virkra ferðamáta og umhverfisvænna samgangna.*
- *Stuðla að forgangi gangandi- og hjólandi vegfarenda í umferðinni og tryggja öryggi þeirra. Styttu ferðaleiðir svo fólk geti hæglega nýtt sér virka ferðamáta í daglegum erindum, til að sækja vinnu og grunnþjónustu. Stuttar, beinar, skjólgóðar og fallegar og vel hannaðar leiðir og stígar séu hvati fyrir fólk til að ganga og hjóla ferða sinna og stunda útivist og hreyfingu.*
- *Kallað eftir fjölbreyttum ferðaleiðum og samtengingu og samræmingu fjölbreyttra, vistvænna ferðamáta. Áhersla á göngu- og hjólastíga innan og utan þéttbýlis og á milli byggðarkjarna og aukna hjólreiðamenningu. Tengja göngu- og hjólastíga almenningssamgöngukerfinu.*

Út frá þessari stefnumörkun í landskipulaginu verður í deiliskipulaginu lögð áhersla á að samræma stígatengingar á milli sveitarfélaganna samhliða lagningu stofnbrautarinnar og stuðla að því að göngu- og hjólastígar ýti undir virkan ferðamáta í daglegum erindum.

2.4.2 Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins

Deiliskipulagið er í samræmi við markmið svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins, markmið 2.4, sem gerir ráð fyrir að stofnvegir á höfuðborgarsvæðinu eigi að mynda heildstætt tveggja laga kerfi, meginstofnvega og stofngatna sem verða endurhannaðar eftir því sem byggð og samgöngur þróast.

Í greinargerð svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2040 er tekið fram að áhersla verði lögð á aðgerðir og framkvæmdir sem geta aukið umferðaröryggi og draga úr neikvæðum áhrifum umferðar á

nærumhverfið. Arnarnesvegur og ný útfærsla gatnamóta/brúar yfir Breiðholtsbraut fellur að stefnu svæðisskipulagsins um stofngötur og umferðarflæði og þjónustustig þeirra. Með nýrri brú er ekki dregið úr afkastagetu Arnarnesvegar og Breiðholtsbrautar.

2.4.3 Aðalskipulagsáætlanir

Framkvæmdin er í samræmi við gildandi aðalskipulag Kópavogs 2012-2024, en kallar á breytingar á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030.



MYND 2 Staðsetning skipulagssvæðisins á gildandi aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024 og gildandi aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, merkt gróflega með blárrí línu.

Vinna við nýjan viðauka aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 stendur yfir til þess að bregðast við breyttri útfærslu gatnamóta Arnarnesvegar og Breiðholtsbrautar. Lausn sem byggir á samráði Vegagerðarinnar, Reykjavíkurborgar og Kópavogs og felur í sér blandaða lausn þar sem gert er ráð fyrir að vegurinn fari á brú yfir Breiðholtsbraut en mæti götunni í plani á ljósastýrðum gatnamótum.

2.4.4 Deiliskipulag

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir veghelgunarsvæðið. Í Kópavogi eru gildar deiliskipulagsáætlanir sem hafa snertifleti við hið nýja skipulag, sbr. deiliskipulag Hörðuvalla, og deiliskipulag Vatnsendahvarfs og Tónahvarfs 2. Framkvæmdin skarast við viðkomandi deiliskipulög og þarf að gera breytingu á mörkum viðkomandi deiliskipulaga, sem auglýst verður samhliða deiliskipulagi Arnarnesvegar.

Framkvæmdin er ekki í samræmi við skipulagsmörk deiliskipulags Elliðaárdals í Reykjavík, frá árinu 1994 og endurskoðað deiliskipulag dags. samþ. 2020, og þarf að gera breytingu á því samhliða deiliskipulagi Arnarnesvegar.

Við gerð deiliskipulagstillögu verður tekið tillit til viðkomandi deiliskipulagsáætlana.

3 NÝTT DEILISKIPULAG

Deiliskipulagið nær til hluta Arnarnesvegar frá gatnamótum Arnarnesvegar og Rjúpnavegar að fyrirhuguðum gatnamótum Breiðholtsbrautar og Arnarnesvegar og veghelgunarsvæða hans sem nær að jafnaði 30 metra út frá miðlínu vegarins. Innan skipulagssvæðisins eru einnig göngu- og hjólastígar sem tengja saman ólík hverfi innan og á milli sveitarfélaganna. Hluti veghelgunarsvæðis Arnarnesvegar er innan sveitarfélagsmarka Reykjavíkur en stærsti hluti vegarins liggur innan sveitarfélagsmarka Kópavogs.

Samhliða auglýsingu tillögu að deiliskipulagi Arnarnesvegar - Breiðholtsbrautar, skv. 1. mgr. 43. gr skipulagslaga nr. 123/2010 er einnig auglýst umhverfisskýrsla skv. 1. mgr. 7. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

4 KYNNING, SAMRÁÐ OG SKIPULAGSFERLI

4.1 Kynning og samráð

Með kynningu skipulagslýsingar er umsagnaraðilum, hagsmunaaðilum og almenningi gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við mótun tillögu að deiliskipulagi. Skipulagslýsingin verður send Skipulagsstofnun og öðrum umsagnaraðilum eftir samþykkt í borgar- og sveitarstjórn. Umsagnaraðilum og almenningi er gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við gerð skipulagsins. Skipulagslýsing verður auglýst í blöðum og verður aðgengileg samhliða á vef Reykjavíkurborgar <https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu> og á vef Kópavogsbæjar, <https://www.kopavogur.is/is/ibuar/skipulagsmal/skipulag-i-kynningu> Lýsingin mun einnig liggja frammi á skrifstofu Reykjavíkurborgar og Kópavogsbæjar.

Á kynningartíma verður almenningi og umsagnaraðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir við framlagða tillögu, og skila með tölvupósti á skipulag@kopavogur.is eða skipulag@reykjavik.is.

4.2 Umsagnaraðilar

Óskað verður eftir umsögnum frá hagsmunaaðilum við þessa skipulags- og matslýsingu og á öðrum stigum í skipulagsferlinu. M.a. verður horft til umsagna frá eftirtöldum aðilum:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Náttúrufræðistofu Kópavogs
- Minjastofnun Íslands
- Borgarsögusafn Reykjavíkur
- Íbúaráð Breiðholts
- Vegagerðin
- HHGK, Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnafjarðar og Kópavogs
- Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
- Veðurstofa Íslands
- Veitur ohf

Eftir atvikum verður leitað eftir umsögnum annarra aðila, þ.á.m. innan stjórnsýslu sveitarfélagsins s.s. frá nefndum sveitarfélagsins.

4.3 Drög að skipulagsferlinu

Eftirfarandi eru drög að skipulagsferlinu og helstu tímasetningum, birt með fyrirvara um breytingar.

TAFLA 1 Drög að skipulagsferlinu ásamt tímasetningum

MÁNUÐUR	LÝSING	
Mars/Apríl 2021	Skipulagslýsing	Skipulagslýsing lögð fyrir skipulagsnefndir Reykjavíkur og Kópavogs skv. 1 mgr. 40. gr. Skipulagslaga 123/2010.
Mars/Apríl 2021	Lýsing afgreidd	Lýsing afgreidd í borgar- og bæjarstjórn til umsagnar og kynningar.
Apríl 2021	Lýsing kynnt	Skipulagslýsing auglýst og send Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum til umsagnar. Lýsingin verður kynnt almenningi skv. 1. mgr. 40. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010. Gefinn verður tveggja vikna frestur til að skila inn athugasemdum.
Apríl/Maí 2021	Tillagan tekin fyrir hjá sveitarfélögunum	Tillaga að nýju deiliskipulagi tekin fyrir í skipulagsnefnd og sveitarstjórn þar sem fjallað er um fram komnar ábendingar og endanleg tillaga samþykkt til auglýsingar skv. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga.
Maí 2021	Tillagan auglýst	Tillaga auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga. Gefinn verður sex vikna frestur til þess að skila inn athugasemdum.
Júlí/Ágúst 2021	Tillagan afgreidd hjá sveitarfélögunum	Tillaga afgreidd í borgar- og sveitarstjórn að undangenginni umræðu skipulagsnefnda með breytingum sem athugasemdir kunna að gefa tilefni til og skipulagið sent til Skipulagsstofnunar skv. 3 mgr. 41. gr skipulagslaga.
September 2021	Samþykktarferli	Borgar- og bæjarstjórn samþykkir deiliskipulagið og auglýsir skipulagið í kjölfarið í B – deild Stjórnartíðinda skv. 41 gr. skipulagslaga.



Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026